

ef brennir ei gæfunnar fjanda—
sóttkveikjuefnið í anda.

En hvað sem þér auðnast og hvert sem þig ber,
sé hvervetna sólskin og hlýja með þér,
því kuldinn er fullnógur eins og hann er.
Með yl skaltu honum mæta,
og blíðka lífið og bæta.

KR. STEFÁNSSON

ÞJÓÐERNISVERNDUN

Um fátt hefir verið meira rætt og ritað á meðal vor Vestur-Íslendinga en viðhald þjóðernis vors hér í landi. Í raun og veru er það að bera í bakkafullan lækinn að bæta nokkru við það. En þar sem málefnið er svo afar þýðingarmikið í sjálfu sér, ætti það að vera íhugað oft og rækilega.

Yfirleitt virðast menn vera samdóma um að æskilegt sé að vér Vestur-Íslendingar verndum þjóðerni vort í lengstu lög. Þó eru nokkrir til, og á meðal þeirra skýrir og hugsandi menn, sem halda fram að heppilegast væri að vér rynnum sem allra fyrst saman í eina heild með öðrum þjóðum, sem hér búa, mynduðum með þeim eina Kanadíska þjóð. Hvað hafa nú þessar tvær hliðar til síns máls?

Þeir sem halda fastast fram að vér eigum að vernda þjóðernið af öllum kröftum hafa oft notað orðið *þjóðerni* í of óákveðinni merkingu. Það hefir verið gert að því sem Þjóðverjar nefna *Schlagwort*, nefnilega orði, sem menn viðhafa yfirleitt og finnst mikið til koma, en sem, þegar það er brotið til mergjar, hefir mjög litla ákveðna meiningu að geyma.

Þjóðerni er vanalega álitnið að vera alt það sem einkennir einhverja þjóð og gerir hana að sérstakri heild, þegar hún er borin saman við aðrar þjóðir. Í fyrsta lagi er það málið og